

# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Álfamýri 7, 150 Reykjavík. Síml: 510 6700  
Gjaldfrjálst nr: 800 6450. Mynds: 510 6701  
Heimasiða: www.umbodsmaduralthingis.is

Mál nr. 7416/2013.

Reykjavík, 10. apríl 2013.

A

## I.

Vísað er til erindis yðar, sem barst mér 20. mars 2013, þar sem pér kvartið yfir landskjörstjórn og yfirkjörstjórnum. Í kvörtun yðar kemur fram að pér hafið tilkynnt landskjörstjórn og öllum yfirkjörstjórnum í landinu um framboð yðar til Alþingis 27. apríl 2013. Kjörstjórnirnar hafi þó ekki treyst sér til að samþykkja eða hafna framboði yðar. Ýour hafi borist bréf frá landskjörstjórn þar sem framhafi komið að stjórnin telji sig ekki hafa heimild til þess að úrskurða um eða láta í ljós álit á því hvort lög um kosningar til Alþingis séu andstæð stjórnarskrá. Bresti því lagaskilyrði til þess að landskjörstjórn geti fjallað frekar um framboð yðar. Þér teljið að landskjörstjórn sé ekki heimilt að hafna því að skrá framboð yðar til þjóðkjörins þingmanns í ljósi 2. mgr. 19. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis og 1. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Krefjist þér „stöðvunar fyrirhugaðra alþingiskosninga 27. apríl 2013 vegna ólögmæti allra kjörstjórnna og alls kosningaskipulags.“ Þá krefjist þér að umboðsmaður Alþingis sendi tilkynningu til Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) vegna þessa.

## II.

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis er hlutverk umboðsmanns að hafa í umboði Alþingis eftirlit með stjórn-sýslu ríkis og sveitarfélaga á þann hátt sem nánar greinir í lögumnum og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Skal hann gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft í stjórnssýslunni og að hún fari að öðru leyti fram í samræmi við lög, vandaða stjórnssýsluhætti og siðareglur settar á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997 kemur fram að starfssvið umboðsmanns taki ekki til starfa Alþingis og stofnana þess. Í athugasemdum við 3. mgr. 3. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 85/1997 kemur fram að utan starfssviðs umboðsmanns falli þannig störf Alþingis og stjórnssýsla í þágu Alþingis sem háð er eftirliti þingforseta samkvæmt lögum um þingskóp Alþingis.

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þá falla störf nefnda sem Alþingi kýs og skila eiga Alþingi skýrslu til umfjöllunar einnig utan starfssviðs umboðsmanns. (Alþt. 1996-1997, A-deild, bls. 2329.) Það er heldur ekki á verksviði umboðsmanns að taka afstöðu til þeirra málefna sem Alþingi er falið að fjalla um samkvæmt ákvæðum í stjórnarskrá eða í almennum lögum.

Samkvæmt 12. gr. og 1. mgr. 13. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis eru landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir kosnar af Alþingi. Landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir starfa því i umboði Alþingis. Þótt eðli þeirra verkefna sem landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir fara með við framkvæmd alþingiskosninga svipi um margt til þeirra verkefna sem handhafar framkvæmdarvaldsins, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinna, fara með verður að hafa í huga að samkvæmt 46. gr. stjórnarskrárinna sker Alþingi sjálft úr hvort þingmenn þess séu löglega kosnir svo og úr því hvort þingmaður hafi misst kjörgengi. Alþingi á því úrskurðarvald um kjörgengi nýkjörinna þingmanna og lögmaður Alþingiskosninga. Í 36. gr. laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis segir þannig að ekki sé nauðsynlegt að kjörgengi frambjóðenda sé sannað fyrir yfirkjörstjórn eða landskjörstjórn en Alþingi úrskurði um kjörgengi þeirra sem kosnir eru jafnframt því sem það úrskurði um hvort nýkosnir þingmenn séu að öðru leyti löglega framboðnir og kosnir. Um kosningakærur og úrskurð Alþingis um gildi kosninga er síðan fjallað nánar í XXI. og XXII. kafla laga nr. 24/2000.

Að virtu því sem rakið hefur verið hér að framan er það afstaða míni að það falli utan við starfssvið umboðsmanns Alþingis að fjalla um starfshætti og ákvarðanir landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar. Þá hefur umboðsmaður Alþingis ekki réttarskipandi vald til að stöðva fyrirhugaðar alþingiskosningar.

### III.

Ég ræð af kvörtun yðar að hún beinist einnig að því að tiltekin ákvæði laga nr. 24/2000 um kosningar til Alþingis, um að einungis flokkar eða stjórnmalasamtök geti boðið fram við alþingiskosningar, samrýmist ekki III. kafla stjórnarskrárinna, einkum 34. gr. hennar um kjörgengi við alþingiskosningar. Ég ræð jafnframt af kvörtun yðar að kjörgengi við alþingiskosningar. Ég ræð jafnframt af kvörtun yðar að pér teljið að ákvæði laga nr. 24/2000, sem kveða á um að Alþingi úrskurði um kjörgengi þingmanna, fái ekki samrýmst 70. gr. stjórnarskrárinna.

Eins og að framan greinir kemur fram í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis að starfssvið umboðsmanns taki ekki til starfa Alþingis og stofnana þess. Af ákvæðinu leiðir að það er almennt ekki á verksviði umboðsmanns að fjalla um hvernig til hefur tekist með löggjöf sem Alþingi hefur samþykkt. Það er heldur almennt ekki á verksviði umboðsmanns að fjalla um það á grundvelli kvörtunar hvort lög samþykkt á Alþingi séu í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinna og/eða þjóðréttarlegar skuldbindingar sem íslenska ríkið hefur undirgengist. Umboðsmanni er að vísu heimilt að taka til athugunar


hvort meinbugir séu á gildandi lögum, sbr. 11. gr. laga nr. 85/1997. Ekki er gert ráð fyrir því að hægt sé að bera fram kvörtun beinlinis af því tilefni heldur getur umboðsmaður að eigin frumkvæði ákveðið að nota þá heimild sem honum er þar veitt, eftir atvikum eftir að athygli hans hefur verið vakin á slikum meinbugum, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997.

Ég mun taka framangreind atriði sem greinir í kvörtun yðar til nánari athugunar í störfum mínum og taka afstöðu til þess hvort tilefni sé til að ég leggi mat á þau að eigin frumkvæði. Verði það raunin verður yður ekki send sérstök tilkynning þess efnis heldur yrði tilkynning um slika frumkvæðisathugun birt á heimasiðu embættisins. Ég tek skýrt fram að á þessu stigi liggur engin afstaða fyrir af minni hálfu um hvort tilefni sé til slikrar athugunar.

Með vísan til alls framangreinds lýk ég athugun minni á kvörtun yðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis.

Undirritaður hefur fjallað um mál þetta sem settur umboðsmaður Alþingis, sbr. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 85/1997.

Virðingarfyllst,



Róbert R. Spanó.